

Fundur í svæðisráði Vatnajökulshjóðgarðs - vestursvæði haldinn á Geirlandi, 23. sept. 2010, klukkan 20.30.

Mætt: Elín Heiða Valsdóttir, Sigurður Skúlason, Erla Ívarsdóttir, Leifur Þorsteinsson, Eydís Þ. Indriðadóttir svæðisráði og Snorri Baldursson þjóðgarðsvörður.

1. Fundargerð síðasta fundar, yfirfarin og samþykkt.

2. Áherslur í uppbyggingu á svæðinu.

- Landvarsla á svæðinu.

Landvarslan hefur gengið vel og flytur svæðisráð landvörðum þakkir fyrir vel unnin störf. Ef til stækkunar þjóðgarðs með viðbót á Langasjávarsvæði og Eldgjá kemur inn er mikil þörf fyrir heilsársstarfsmann til þess að sinna uppbyggingu og undirbúningi á Kirkjubæjarklaustri. Full þörf er á heils árs upplýsingamiðlun/upplýsingafulltrúa í Hrauneyjum og edlilegt væri að Hótelid í Hrauneyjum, Ferðamálastofa, Vegagerðin, o.fl. kæmu að því að kosta þá starfsemi ásamt Vatnajökulshjóðgarði. Þjóðgarðsverði falið að ræða við framkvæmdastjóra þjóðgarðsins um eflingu starfsstöðvarinnar í Hrauneyjum. Efla þarf starfsemina í Nýjadal með uppbyggingu starfsstöðvar sem gæti hýst 2 landverði strax vorið 2011.

- Uppbygging á áningarstöðum:

Áherslu þarf að leggja á landvarðaaðstöðu og móttöku í Nýjadal ásamt snyrtiaðstöðu við bílastæðið í Laka. Ganga þarf í hönnun og byggingarleyfisumsóknir.

Fræðsluskilti: Galti, Hnúta, Tómastahagi, og Jökulheimar Nýidalur ásamt aðkomuhliðum í Nýjadal og Jökulheimum.

- Gestastofa:

Leggja þarf áherslu á uppbyggingu gestastofunnar á Kirkjubæjarklaustri og mikilvægt að undirbúningur hefjist á fullu árið 2011. Stefnt verði að því að bygging hennar hefjist árið 2012. Áhugi er fyrir samstarfi við áhugahóp um þekkingar og fræðslusetur á Kirkjubæjarklaustri. Formanni svæðisráðs og þjóðgarðsverði falið að móta áframhaldandi hugmyndir um samstarf í samráði við framkvæmdarstjóra.

- Samgöngur:

Svæðisráð bendir á að nauðsynlegt er að vinna að endurbótum á veginum inn að Laka. Formanni svæðisráðs og þjóðgarðsverði falið að vinna málið áfram og hafa sambandi við vegagerðina.

Önnur mál.

Rætt um að hitta nýja sveitarstjóra og oddvita og kynna starf þjóðgarðsins.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið klukkan 22.00

